Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000119/ksj

**Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra. Í breytingartillögunni felst að svæði sem liggur að friðlýstu svæði náttúruvættisins Skógarfoss, verður skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu og jafnframt stækkað til suðurs á kostnað græns svæðis til sérstakra nota (tjaldsvæði). Svæðið var áður skilgreint sem stofnanasvæði. Heildarstærð svæðisins er 3,6ha.

**Staðsetning**
Svæðið er aðalskipulagsbreytingin nær til er við veg að Skógarfossi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess verði gætt að ekki verði þrengt að aðkomu almennings að Skógarfossi.

**Áherslur sveitarstjórnar**
Umhverfisstofnun tekur undir áherslur sveitarstjórnar sem fram koma á bls. 4 í lýsingunni.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 – 2015.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun